

SAMÞYKKT

um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

I. KAFLI Gildissvið og markmið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eins og hún er skilgreind í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, og nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, frístundahúsa, stofnana og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Samþykktin nær til allra fráveitna, þar með talið allra mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, svo sem rotþróa með siturlögn, annarra hreinsivirkja, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra.

Kröfur um söfnun, hreinsun og losun frárennslis byggjast á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga, nr. 982/2010, reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, reglugerð um meðhöndlun seyru, nr. 799/1999, reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999, og reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns, nr. 797/1999.

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, hefur heilbrigðisnefnd Suðurlands eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir hreinsivirki, svo sem rotþrær, siturlagnir og settanka og færir staðsetningu þeirra í skipulagsgögn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þannig hefur sveitarstjórn falið Umhverfis- og tækni- sviði uppsveita bs. að standa að hreinsun, verkun og förgun seyru samkvæmt auglýsingu um staðfestingu samþykktar fyrir byggðasamlagið Umhverfis- og tækni- svið uppsveita bs., nr. 35/2022, með breytingum í auglýsingu nr. 727/2024 um breytingu á samþykkt fyrir Umhverfis- og tækni- svið uppsveita bs. Þeir aðilar sem sjá um losun og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, nr. 550/2018. Fráveitu- mannvirki fyrir 50 persónueiningar eða stærri skulu jafnframt hafa starfsleyfi í samræmi við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, nr. 550/2018.

2. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að:

- a. skýra skyldur sveitarfélagsins og notenda hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir,
- b. tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
- c. skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
- d. stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

II. KAFLI Fráveitur og holræsalagnir.

3. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009.

Sveitarstjóri fer með umsón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar. Skeiða- og Gnúpverjahreppur starfrækir fráveitur í þéttbýlinu á Brautarholti og þéttbýlinu í Árnesi. Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitna sveitarfélagsins og framkvæmdir við þær og sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við þær. Sveitarfélagið getur tekið að sér fráveitu á öðrum svæðum í sveitarfélaginu í samræmi við 4. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009. Sveitarstjórn eða félag í eigu sveitarfélaga er heimilt að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur fráveitu sveitarfélagsins, að hluta til eða öllu leyti.

Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt 6. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009.

4. gr.

Fráveitur veita frárennsli sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til hreinsivirkis.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður er eigandi fráveitna sveitarfélagsins að heimæðum húseigna. Óheimilt er að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi sveitarstjórnar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu fyrir mælum um gerð og legu fráveitna.

5. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir tengingu frá fráveitukerfi að heimæð húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn.

Sveitarstjórn, eða sá aðili sem falin hefur verið framkvæmd og rekstur fráveitna, ákveður legu götuholræsa og tengigreina. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn fráveitukerfisins.

6. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að annast, á sinn kostnað, lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem sveitarfélagið tilgreinir. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, reglugerðar um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, og reglugerðar um meðhöndlun seyru, nr. 799/1999.

7. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á frárennslislögn húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða frárennsli frá húseigninni að stöku hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn eða safnbrunni, þannig staðsettu að hægt sé að veita frárennsli frá hreinsivirkinu í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

III. KAFLI

Uppsetning og framkvæmd fráveitna og rotþróa eða annarra hreinsivirkja.

8. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða frárennsli húsa um hreinsivirki. Kerfisbundin söfnun og sameiginlegt hreinsivirki skal þó vera á svæðum sem falla undir 2. og 3. mgr. 4. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009. Enn fremur skal sveitarstjórn setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki inn í deiliskipulag þar sem það á við. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang hreinsivirkis, svo sem rotþró með siturlögn og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró með siturlögn og önnur hreinsivirki skulu samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar.

Tilkynningu um lagningu á nýjum hreinsibúnaði, s.s. rotþró, lífrænni hreinsistöð eða safntanki, skal senda viðkomandi byggingarfulltrúa. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu.

Rotþró skal að jafnaði ekki staðsetja nær húseign en sem nemur fimm metrum. Sama gildir um fjarlægð rotþróar að nærliggjandi lóðarmörkum. Sé þörf á að hafa rotþró nær skal lofta hana með

lögnum sem ná upp fyrir mæni húss. Verði rotþró og situr- eða sandsíulögn ekki komið niður innan lóðar viðkomandi húseignar skal leita samþykkis lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Hverja rotþró og önnur hreinsivirki skal hreinsa og losa eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Hreinsun fer fram á vegum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umhverfis- og tækni-svið uppsveita bs. annast hreinsun auk verkunar og förgunar seyru og og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd verkþátta. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru og framkvæmd hreinsunar. Meðhöndlun seyru er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, nr. 550/2018. Farga skal seyru á viðurkenndum förgunarstað. Ef nýta á seyru þarf samþykki heilbrigðisnefndar Suðurlands hverju sinni.

9. gr.

Þegar tengja skal heimæð húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita frárennsli frá þeim um hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, skal sækja um það til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra. Sé þörf á er sveitarstjórn heimilt að óska eftir teikningum af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins, ásamt teikningum sem sýna gerð hreinsivirkis, stærð og staðsetningu þess og hreinsun í viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Hreinsivirki skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að því með tæki til hreinsunar.

10. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

11. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða stök hreinsivirki, svo sem rotþrær og siturlagnir.

12. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og stakra hreinsivirkja á sinn kostnað og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins olíur, bensín, lífræn leysiefni, önnur spilliefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka.

Eigendur húseigna sem skylt er að hafa fitu- eða olíugildru á fráveitu bera ábyrgð á að slíkum búnaði sé komið fyrir og viðhaldið. Olíugildru skal setja þar sem unnið er með olíur og hætta er á að olía geti borist í niðurföll, s.s. á smur- og bifreiðaverkstæði. Fitugildrur skulu vera á fráveitum rekstrar- aðila þar sem hætta er á að fita berist í fráveitu, s.s. stóreldhúsa.

Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu sveitarfélagsins skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmiðunarmörk vegna þess til að tryggja að tilskilin markmið náist, sbr. lið C í viðauka I með reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999.

Um mengunarvarnir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og starfsleyfum.

14. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárennslislagnir frá húsum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða öðrum orsökum skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll eða gera aðrar sambærilegar ráðstafanir.

15. gr.

Rotþró þarf að vera sýnileg og vel merkt. Aðgengi fyrir hreinsitæki að rotþró þarf að vera tryggt af húseiganda og miðað er við að fjarlægð sé ekki meira en 30 metrar. Fari fjarlægð yfir 50 metra er ekki unnt að hreinsa viðkomandi rotþró.

IV. KAFLI

Gjaldtaka.

16. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

17. gr.

Af þeim fasteignum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001, og samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009.

Þar sem frárennslisli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélagsins er heimilt að innheimta gjald vegna hreinsunar miðað við innrennslisvatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

18. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, og skal sveitarfélagið láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

19. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 7. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, til að lækka eða fella niður gjöld samkvæmt þessum lögum hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt reglum sem sveitarstjórn setur.

20. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró, annarra stakra hreinsivirkja og förgun seyru skal húseigandi greiða seyruhreinsunargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, sbr. og ákvæði 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Sveitarstjórn setur og lætur birta gjald-

skrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Seyruhreinsunargjald skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, svo sem vegna barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

21. gr.

Sé ekki hægt að hreinsa rotþró í reglubundinni yfirferð þar sem aðgengi er ekki tryggt eða rotþró ekki sýnileg og vel merkt, skal húseigandi greiða að fullu fyrir aukalosun, óski hann eftir aukalosun samkvæmt sérstakri gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar seyrur hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs. sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

V. KAFLI

Hreinsun seyrur og setefna.

22. gr.

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. annast alla meðhöndlun seyrur í sveitarfélaginu, þ.e. seyrulosun úr rotþró, ásamt flutningi, verkun, og afsetningu.

Losun seyrur og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd þriðja hvert ár við íbúðarhús og fimmta hvert ár við frístundahús. Rotþrær fyrirtækja og annarra fasteigna en íbúðar- og sumarhúsa sem greiða rotþróargjald eru hreinsaðar á þriggja ára fresti. Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. hefur yfirstjórn með verkinu og skal vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

23. gr.

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyrureinsun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir hreinsunaraðila sé gott að hreinsivirkjum, þar með talið rotþró og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og ensíma til að auka virkni hreinsivirkja.

VI. KAFLI

Málsmeðferð og gildistaka.

24. gr.

Hafi fasteignaeigandi kvörtun fram að færa vegna hreinsunar rotþró og annarra hreinsivirkja skal hann koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins, Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann leitað til heilbrigðisnefndar Suðurlands.

25. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt þessari samþykkt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. XVII kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

26. gr.

Samþykkt þessi var samin af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og samþykkt 19. mars 2025. Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og samkvæmt 10. mgr. 4.

Nr. 1030

17. september 2025

gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, nr. 244/2011.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 17. september 2025.

F. h. r.

Erla Arnardóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.

B-deild – Útgáfudagur: 1. október 2025